
Strenglagning í Austdal, Seyðisfjarðarkaupstað

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 16. júlí 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá RARIK ohf. um fyrirhugaða strenglögning í Austdal, Seyðisfjarðarkaupstað skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fjarðabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Strenglögning í Austdal, Seyðisfjarðarkaupstað. Fyrirspurn um matsskyldu. RARIK ohf., júlí 2019.

Fylgiskjöl með tilkynningu:

- Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara frá Þórarinsstöðum í Seyðisfirði, um Austdal og yfir í Mjóafjörð. Náttúrustofa Vestfjarða, ágúst 2018.
- Umsögn Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdina, dags. 9. apríl 2019.
- Bréf Fiskistofu vegna framkvæmdar við veiðivatn, dags. 6. júní 2019.
- Umsögn minjavarðar Austurlands, dags. 11. júlí 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Seyðisfjarðarkaupstað með bréfi dags. 25. ágúst 2019.
- Fjarðabyggð með tölvupósti dags. 13. ágúst 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með tölvupósti dags. 24. ágúst 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 22. júlí 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 31. júlí 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 7. ágúst 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 26. júlí, 1. ágúst og 15. ágúst 2019.

3 FORSAGA TENGDRAR FRAMKVÆMDAR UM BREKKUGJÁ Í AUSTDAL

Þann 21. október 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá RARIK ohf. um fyrirhugaða strenglagningu um Brekkugjá, á mörkum Fjarðabyggðar og Seyðisfjarðarkaupstaðar skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Um var að ræða lagningu 11 kV jarðstrengs um 2 km leið um Brekkugjá. Framkvæmdin fólst í því að grafa strenginn niður og hylja á viðkomandi kafla yfir háskarðið. Framkvæmdasvæðið var á mörkum Fjarðabyggðar og Seyðisfjarðarkaupstaðar og í um 900 m hæð yfir sjávarmáli.



Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að fyrirhuguð strenglagning um Brekkugjá væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því var framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Haustið 2017 stóð framkvæmdaraðili fyrir framkvæmd um Brekkugjá, ofarlega í Austdal, þar sem álit voru upp um umgengni og frágang framkvæmdaraðila. Verktilhögun við strenglagn um Brekkugjá varð þess valdandi að landeigendur í Austdal í Seyðisfirði settu sig í samband við Skipulagsstofnun vegna lagningu rafstrengs og ljósleiðara í landi þeirra á vegum Rarik og Neyðarlínunnar. Talsvert rask hlaut af vegna þeirrar framkvæmdar, mun meira en gert hafði mátt ráð fyrir miðað við það sem kom fram í málgögnum vegna matskyldu strenglagningar um Brekkugjá. Þar sem m.a. var gert ráð fyrir að ekki þyrfti að ráðast í slóðagerð heldur myndi vera hægt að nota núverandi slóða en skv. myndum var um verulegt rask að ræða utan slóðans m.a. á vel grónu landi. Óskaði Skipulagsstofnun í kjölfarið eftir upplýsingum frá Rarik um ofangreinda framkvæmd og stöðu hennar, m.a. hvernig standa ætti að frágangi. Í svarbréfi frá Rarik er ferill framkvæmdarinnar rakinn auk þess sem grein var gerð fyrir þeim verkþáttum sem fyrirhugaðir voru varðandi frágang á svæðinu. Áætlaði Rarik að taka stöðuna aftur sumarið 2019 þegar gróður yrði búinn að taka við sér.

Í ljósi þessarar forsögu benti Skipulagsstofnun á að þörf væri á því að setja fram skýra áætlun varðandi verktilhögun og frágang að verki loknu í matskyldufyrirspurn sem hér er til umfjöllunar.

4 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Áform eru um 6,4 km strenglagn inn Austdalinn frá minni Austdals upp í u.þ.b. 560 m hæð í botni dalsins, á mótis við Snjófellsskarð. Um er að ræða 24 kV rafstreng sem er um 5 sm í þvermál og ljósleiðara sem er um 1 til 2 sm í þvermál sem plægðir verða niður samtímis í eða við núverandi vegaslóða sem liggur inn Austdal. Hluti leiðarinnar ofarlega í dalnum einkennist af bergi sem erfitt er yfirferðar, þar verður beitt þeirri aðferð að saga eða fleyga bergið áður en plægt verður í sárið.

Í verklok verður farið yfir frágang vegna strenglagnar og bætt úr því sem betur má fara. Þá verður farið í eftirlitsferð um dalinn að ári liðnu og bætt úr þar sem þörf krefur í samráði við landeiganda.

Loftlínan í Austdal, sem byggð var 1975, verður í kjölfarið fjarlægð ásamt vír, postulíni og öðru efni sem loftlínum fylgir þegar frost er í jörðu til að lágmarka rask. Niðurteknu efni verður fargað af þar til bærum aðilum.

5 UMHVERFISÁHRIF

Vistgerðir og gróðurfar

Fram kemur að gróðurfar í Austdal einkennist af mólendi í mynni dalsins, auk graslendis og votlendis. Eftir því sem innar og ofar dregur í dalnum eykst hlutfall mólendis, mela og sandlendis, auk skriða og kletta. Í dalbotninum sé moslendi, melar og sandlendi ríkjandi ásamt skriðum og klettum.

Fram kemur að fyrirhugaður strengur kemur til með að liggja um votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd sem forðast ber að raska nema brýna nauðsyn beri til.

Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdir við strenglagningu í vegaslóðann inn Austdal muni ekki hafa áhrif á þær vistgerðir dalsins sem njóta verndar, enda verður strenglagnin plægð í vegaslóða



sem fyrir er, auk þess sem hann telur að strenglög í vegaslóðann muni ekki hafa varanleg áhrif á votlendi Austdals, þar sem framkvæmdin verði á þegar röskuðu svæði.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að miklar rigningar séu vel þekktar á Austfjörðum og litlir lækir í vatnsrásum geti orðið mikilvirkt rofafl. Eftir lagningu jarðstrengjanna þurfi að huga að því að ekki rofni áfram úr skurðinum. Jafnframt þyrfti að gæta þess að frágangur falli að landslagi og tryggja þyrfti að hafa sérstaka aðgát á mýrarsvæðum og nýta frost í jörðu til að lágmarka rask. Til að kanna hvort rof verði úr strenglagnarskurðinum þyrfti að fara um svæðið aftur að ári og meta hvort frekari aðgerða sé þörf til að varna vatnsrofi. Einkum eru það vorleysingar og haustrigningar sem geta valdið vatnsrofi á jarðvegi. Sérstaka aðgát þyrfti að hafa við stóru mýrlendissvæðin tvö til að spilla ekki mýrinni og vatnsmiðlun hennar.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann taki undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar um að fara þurfi með gát um landið og tryggja að frágangur í verklok falli að landslagi. Eins að gætt verði að rofhættum í kjölfar plægingar og því er það hluti verksins að fylgja því eftir að ári með yfirferð og lagfæringum þar sem þess reynist þörf. Núverandi strengleið var valin í samráði við landeiganda og með það í huga að valda ekki frekara raski í dalnum en þegar er orðið vegna vegaslóðans.

Meningarminjar

Fram kemur að í Austdal liggur hluti gamallar gönguleiðar er lá um Brekkudal milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar. Austdalur er gömul kirkjújörð og hefur verið í eyði frá 1945 og þar er talsvert um minjar.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands segir að stofnunin leggi áherslu á að framkvæmdum við lagningu strengs við stekki (1968-003) verði hagað þannig að þær ógni ekki fornleifum. Að því gefnu að farið verði að fyrirmælum minjavarðar Austurlands sem fram koma í umsögn hans 11. júlí sl. telur stofnunin að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í bréfi Minjavarðar Austurlands, dags. 11. júlí 2019, segir að hnika þyrfti línunni til að koma í veg fyrir rask á tóft 1968-003. Niðurstöður þeirrar tilfærslu þurfi að kynna fyrir Minjastofnun. Jafnframt þurfi að taka fullt tillit til tóftar 1968-001 þegar loftlína verður tekin niður.

Vatnalíf

Framkvæmdaraðili kynnti framkvæmdina fyrir Hafrannsóknastofnun á fyrri stigum. Mat stofnunarinnar er það að framkvæmdin hafi ekki veruleg áhrif á lífríki þeirra vatnsfalla sem um ræðir. Áhrifin séu einkum vegna röskunar á botni þeirra lækja sem verða þveraðir þar sem búsvæði vatnalífvera eru og vegna efnisburðar með árvatni sem geti haft áhrif á þörungum og smádyr, lifun fiskhrogn, kviðpokaseiða og jafnvel stærri fisks. Áhrifin verði væntanlega mest á framkvæmdatíma og því talin staðbundin og tímabundin. Æskilegt sé að framkvæmdatími sé að sumri eða að hausti þegar hrogn og kviðpokaseiði laxfiska eru ekki í mölinni.

Hafrannsóknastofnun bendir jafnframt á eftirtalda þætti til að hafa í huga til að lágmarka áhrif á lífríki:

1. Framkvæmdaraðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla svo sem að grugga það upp að óþörfu.
2. Hindra að olía eða aðrir skaðlegir vökvar smitist frá vinnuvélum og tækjum í eða við vatnsföll.
3. Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið eins og kostur er.
4. Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki.

Framkvæmdaraðili hefur óskað eftir heimild Fiskistofu fyrir framkvæmdinni í samræmi við 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Fiskistofa féllst á framkvæmdina þann 6. júní sl. gegn því að farið yrði eftir leiðbeiningum Hafrannsóknastofnunar.



6 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin kallar á breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010 - 2030. Skipulagsstofnun veur athygli á því að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Seyðisfjarðarkaupstaðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig leyfi frá Minjastofnunar Íslands, komi til þess að raska þurfi fornminjum.

7 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða lög á 24 kV jarðstreng og ljósleiðara um 6,4 km langan veg um Austdal. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Strengir verða plægðir í jörð eða sagaðir í klappir þar sem laus jarðlög eða moldarjarðvegur er þunnur. Verður plægt eða sagað ýmist í eða meðfram núverandi vegslóða. Eftir að lagningu strengja er lokið verða loftlínur fjarlægðar. Að mati Skipulagsstofnunar er ekki um að ræða umfangsmikla framkvæmd og kallar eðli framkvæmdarinnar ekki á umhverfismat.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða.

Framkvæmdasvæðið er í Austurdal í sunnanverðum Seyðisfirði, en vatnasvið Austurdals er skráð á náttúruminjaskrá (nr. 608) í floknum aðrar náttúruminjar. Sérkenni og þýðing náttúruminjanna felst í að um er að ræða grösugt dalverpi kringt háum fjöllum. Þá liggur fyrirhuguð lagnaleið um votlendi sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Einnig liggur strengurinn um svæði þar sem finna má vistgerðir sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Auk þess er að finna talsvert af fornminjum í nágrenni fyrirhugaðrar strengleiðar.

Að því gefnu að verktilhögun verði með þeim hætti sem framkvæmdaraðili lýsir í greinargerð og í viðbrögðum við í umsögnum er framkvæmdin, að mati Skipulagsstofnunar, ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi Austdals nema tímabundið á meðan framkvæmdum stendur og þann tíma sem það tekur fyrir landið að jafna sig. Til lengri tíma litið kunna áhrif á verndargildi Austdals að vera jákvæð vegna þess að loftlínur verða fjarlægðar.

Þar sem strengurinn kemur til með að vera lagður í núverandi vegslóða telur Skipulagsstofnun framkvæmdina ekki fela í sér meira rask á votlendi og vistgerðum á lista Bernarsamningsins en nú þegar hefur átt sér stað.

Ein fornleif, stekkur (nr. 1968-003) er í hættu vegna fyrirhugaðar framkvæmdar. Þá er tóft (nr. 1968-001) nálægt núverandi loftlínu sem til stendur að fjarlægja. Skipulagsstofnun bendir framkvæmdaraðila á að fara eftir fyrirmælum minjavarðar Austurlands varðandi samráð um að hnika til strengleið. Þá beinir Skipulagsstofnun því til veitanda framkvæmdaleyfis að veita ekki framkvæmdaleyfi nema afstaða Minjastofnunar til endanlegrar legu strengs við stekk (nr. 1968-003) liggur fyrir.

Að mati Skipulagsstofnunar kallar staðsetning framkvæmdar ekki á umhverfismat.



Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda að teknu tilliti til eðlis og staðsetningar framkvæmdar, svo sem stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda felast fyrst og fremst í tímabundnum áhrifum á votlendi og gróður. Áhrifin verða mest á framkvæmdartíma og er þá horft til viðkvæmda þeirra svæða sem fara þarf um með tækjabúnað. Skipulagsstofnun telur að ef verktilhögun verði með þeim hætti sem fyrr er vísað til og vel tekst til við að verja náttúru- og menningarminjar fyrir raski með þeim aðgerðum sem framkvæmdaraðili áformar, verði áhrif framkvæmdanna fyrst og fremst bundin við þann tíma sem framkvæmdir standa og svæðið er að jafna sig eftir frágang. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að afar mikilvægt er að verktilhögun og frágangur verði með þeim hætti sem framkvæmdaraðili hefur boðað. Skipulagsstofnun beinir því til leyfisveitanda framkvæmdaleyfis að binda framkvæmdaleyfi eftirfarandi skilyrðum:

- Að verki loknu verði farið yfir framkvæmdasvæði í samráði við landeigenda og þess gætt að ummerki eftir framkvæmd verði í lágmarki.
- Loftlínur verði fjarlægðar þegar frost er í jörðu.
- Ári eftir að framkvæmdum lýkur verði farið í eftirlit á framkvæmdastað og bætt úr því sem þörf er á í samræmi við landeigenda ásamt því að meta hvort frekari aðgerða sé þörf til að varna vatnsrofi.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. september 2019.

Reykjavík, 20. ágúst 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson